



Banaslys 10.12.2006

Vesturlandsvegur við Þingvallaafleggjarann
Framanákeyrsla
Látinn 28 ára karlmaður
Tími sólarhrings: Dagur

Lýsing á slysi

Mazda fólksbifreið var ekið norður Vesturlandsveg síðdegis á sunnudegi. Slysið átti sér stað rétt norðan Þingvallaafleggjarans. Ökumaður fólksbifreiðarinnar ók yfir á rangann vegarhelming framán á Lexus jeppling sem kom úr gagnstæðri átt. Rétt áður en bílarnir skullu saman af miklu afli reyndi ökumaður jepplingsins að sveigja til hægri. Lenti fólksbifreiðin á vinstra framhorni hans. Snérist bifreiðin hálfan hring og staðnæmdist á miðjum veginum. Lexus jepplingurinn endaði um 16 metrum utan akbrautar, sjá mynd hér að neðan. Ekki sáust ummerki um hemlun á vettvangi.



Mynd 1: Mynd tekin norður Vesturlandsveg af slysavettvangi.

Ökumaður fólksbifreiðarinnar lést af völdum slysisins, hann var spenntur í öryggisbelti og loftpúði sprakk út í stýrinu. Mælaborðið í heild sinni gekk talsvert inn í farþegarýmið ökumanns megin og einnig stýrishjólið. Áverkarnir sem drógu ökumanninn til dauða voru til komnir vegna þessa.

Allir í Lexus bifreiðinni voru spenntir í öryggisbelti og loftpúðar sprangu út ökumanns- og farþega megin. Aflögun inn í farþegarými bifreiðarinnar var óverulegt. Ökumaður og farþegar í bifreiðinni hlutu talsverð meiðsl, meðal annars ökkla- og rifbeinsbrot.

Vegurinn er upplýstur og steypur, ein akrein er í hvora átt og hámarkshraði 70 km/klst. Bleyta var á veginum vegna slyddu en ekki hálka.

Rannsókn á öikumanni fólksbifreiðarinnar leiddi í ljós að hann var undir svo miklum áhrifum fíkniefna þegar slysið átti sér stað að það taldist vera yfir eitrunarmörkum.

Bifreiðarnar voru teknar til rannsóknar af bíltæknisérfræðingi. Við rannsóknina kom ekkert fram sem skýrt gæti tildrög slysis.

Orsakagreining

- Ökumaður Mazda bifreiðarinnar var undir mjög miklum áhrifum ólöglegra fíkniefna
- Hann ók yfir á rangan vegarhelming

Tillögur í öryggisátt

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur brýnt að aðgreina umferð úr gagnstæðum áttum á Vesturlandsvegi til að fyrirbyggja harðar framanákeyslur.

Með breytingum á umferðarlögum (lög nr. 66/2006) sem tóku gildi 3. júní 2006 setti löggjafinn með mjög afdráttarlausum hætti bann við akstri undir áhrifum ólöglegra fíkniefna. Um leið var lögreglu fengin heimild til að framkvæma próf á öikumönnum til að kanna hvort þeir ækju undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Er það sambærileg heimild og lögregla hefur til að rannsaka öikumenn með öndunarprófi til að kanna hvort þeir séu undir áhrifum áfengis. Þar eð fíkniefnaneysla hefur verið greind sem orsök umferðarslysa í allmörgum tilfellum á undanförunum árum vill Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetja lögreglu yfirvöld að efna til skipulegs eftirlits með fíkniefnaneyslu öikumanna.

13.06.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa